

Aðalfundur Suðurlandsvegur 1-3 hf.

Fundargerð

Aðalfundur Suðurlandsvegur 1-3 hf. haldinn 23. október 2018, kl. 13:00 í fundarsalnum Heklu í Miðjunni á Hellu.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá skv. 13. gr. samþykka félagsins:

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2017
2. Ársreikningur 2017 lagður fram til samþykktar
3. Kjör stjórnar og endurskoðenda
4. Ráðstöfun hagnaðar/taps reikningsársins
5. Ákvörðun um laun stjórnar
6. Önnur mál

Hulda Karlsdóttir stjórnarformaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Stjórnarformaður lagði fram tillögu um Þröst Sigurðsson sem fundarstjóra og Ágúst Sigurðsson sem fundarritara og var það samþykkt.

Kannað var með mætingu á aðalfund fyrir hönd hluthafa. Mættir voru fulltrúar fyrir hönd Lífeyrissjóðs Rangæinga (11,7%) , Verkalýðsfélags Suðurlands (15,2%) og Rangárþings ytra (70,2%). Fulltrúar FIT (2,9%) höfðu boðað forföll. Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðun og telst fundurinn því löglegur. Að svo búnu var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2017

Hulda Karlsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2017.

2. Ársreikningur 2017 lagður fram til samþykktar

Klara Viðarsdóttir framkvæmdastjóri kynnti ársreikninginn. Eignir félagsins, fastafjármunir og veltufjármunir voru við síðustu áramót kr. 719.841.213 en um 692 milljónir liggja í fasteign félagsins við Suðurlandsveg 1-3 á Hellu. Heildarskuldir félagsins við áramót voru u.þ.b. 270 milljónir, þar af voru skammtímaskuldir um 27 milljónir.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2017 og nam það um 16,6 milljónum. Eigið fé að teknu tilliti til taps ársins nam um 450 milljónum. Veltufé frá rekstri var 7.8 milljónir og handbært fé í árslok var 23.4 milljónir.

Að svo búnu gaf fundarstjóri orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir árið 2017. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

3. Kjör stjórnar og endurskoðanda

Eftirfarandi tillögur lágu fyrir um stjórn:

Fyrir Lífeyrissjóð Rangæinga, Verkalýðsfélag Suðurlands og FIT: Aðalmenn verði Guðrún Elín Pálsdóttir og Þröstur Sigurðsson og varamenn Pétur Magnússon og Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir.

Fyrir Rangárþing ytra: Aðalmenn verði Björk Grétarsdóttir, Yngvi Karl Jónsson og Ágúst Sigurðsson og varamenn Haraldur Eiríksson, Gunnar Aron Ólason og Hugrún Pétursdóttir.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga um endurskoðanda:

Tillaga um að Auðunn Guðjónsson hjá KPMG sjái um endurskoðun félagsins.

Samþykkt samhljóða.

4. Ráðstöfun hagnaðar/taps reikningsársins

Tillaga um að tap ársins komi til lækkunar á eigin fé félagsins.

Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um laun stjórnar

Tillaga um að stjórnarlaun fylgi nefndarlaunum sveitarfélagsins Rangárþings ytra skv. sérstökum reglum sem gilda þar um.


Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Fráfarandi stjórn færði fram kærar þakkir til Huldu Karlsdóttur sem nú lætur af stjórnarsetu eftir farsæla formennsku síðastliðin rúm fjögur ár.

Ekki voru önnur mál tekin fyrir.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt og fundi slitið kl. 13:50.


The image shows five handwritten signatures in blue ink, stacked vertically. From top to bottom, they appear to be: 1. A signature that looks like 'Magnar Magnússon'. 2. A signature that looks like 'Guðrún Elín Pálsdóttir'. 3. A signature that looks like 'Björk Grétarsdóttir'. 4. A signature that looks like 'Yngvi Karl Jónsson'. 5. A signature that looks like 'Ágúst Sigurðsson'.

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, Hellu

**Aðalfundur Suðurlandsvegar 1-3 hf., haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu,
þriðjudaginn 23. október 2018.**

UMBOÐ

Það staðfestist hér með að Lífeyrissjóður Rangæinga, kt. 660472-0299, veitir hér með Þresti Sigurðssyni kt. 250867-4769, heimild til að sækja fyrir sína hönd aðalfund Suðurlandsvegar 1-3 ehf., sem haldinn verður að Suðurlandsvegi 1-3, á Hellu þriðjudaginn 23. október 2018, og fara með atkvæðisrétt á þeim fundi.

Hellu, 16. október 2018

Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga

Lýður Þ. Jónsson
Guðrún Elín Þórsdóttir
Ólafur Þórs
Þóris Hafsteinsson